

Nefndasvið Alþingis Fjárlaganefnd
b.t. nefndarritara Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 26. apríl 2017

Umsögn frá Nordic Visitor hf.

Efni: Fjármálaáætlun 2018 til 2022 og skattahækkunar á ferðaþjónustuna

Ferðaskrifstofan Nordic Visitor vill nýta tækifærið til að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Í fjármálaáætlun fyrir árin 2018 til 2022 eru boðaðar verulegar skattahækkunar á ferðaþjónustu.

Ferðaskrifstofan Nordic Visitor mótmælir harðlega fyrirhuguðum skattahækkunum og lýsir yfir vonbrigðum á því hvernig málið hefur verið unnið af hálfu yfirvalda. Ljóst má vera á þessum tillögum að yfirvöld hafa ekki unnið greiningarvinnu á stöðu ferðaþjónustunnar og hafa ekki áttað sig á því hversu alvarleg áhrif þessi skattahækkun mun hafa á afkomu og framtíð greinarinnar.

Nordic Visitor er ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í því að skapa sérsniðnar pakkaferðir fyrir einstaklinga og hópa til allra Norðurlanda og Bretlands. Fyrirtækið var stofnað árið 2002 sem lítið sprotafyrirtæki af ungum eigendum en er í dag eitt af stærstu ferðaþjónustufyrirtækjum Íslands með um 120 starfsmenn á þremur starfsstöðvum; Reykjavík, Stokkhólmi og Edinborg.

Þjónusta ferðaskrifstofa er útflutningur

Ferðaskrifstofan Nordic Visitor sem og aðrar ferðaskrifstofur hér á landi eru í alþjóðlegri samkeppni um viðskiptavinum og hefur fyrirtækið okkar þjónustað viðskiptavinum frá um 90 löndum.

Það sem yfirvöld virðast ekki átta sig á með þessari tillögu er að starfsemi ferðaskrifstofa hér á landi er í eðli sínu útflutningur þar sem viðskiptavinurinn er erlendur, markaðssetningin á sér stað erlendis og samkeppnin er alþjóðleg við erlenda aðila. Þjónusta ferðaskrifstofa er afhent rafrænt til viðskiptavinar sem er staðsettur erlendis í formi ferðalýsingar og bókana á þjónustu. Viðskiptavinurinn ferðast síðan og nýtur þess sem ferðaskrifstofan hafði milligöngu fyrir, loka afurðin fer úr landi sem minningar og reynsla.

Erlendar ferðaskrifstofur greiða ekki virðisaukaskatt af sinni þjónustu.

Samkeppni Nordic Visitor um viðskiptavinum sem ferðast til Íslands er ekki nema að hluta til við íslenskar ferðaskrifstofur. Samkeppnin er hörðust við mikinn fjölda erlendra ferðaskrifstofa og milligönguaðila sem velta tugum milljarða í sölu á ferðum hingað til lands. Þessir aðilar eru með lögheimili erlendis, því leggja þeir engan virðisaukaskatt á sína þjónustu, hvorki hér á landi né í sínu heimalandi. Það er óraunhæft að íslensk yfirvöld geti þvingað þessa aðila til að skila inn skatti af sinni þjónustu.



Ljóst er að einungis ferðaskrifstofur með lögheimili hér á landi munu bera þessar þungu byrðar í harðri samkeppni við erlenda aðila, þar sem ómögulegt er fyrir íslenskar ferðaskrifstofur að hækka verð í samræmi við virðisaukaskattinn.

11% virðisaukaskattur sem yfirvöld lögðu á 1.janúar 2016 var mikið högg á rekstur fyrirtækisins. 22.5% virðisaukaskattur er rothögg í ljósi þess sem hér er talið upp að ofan.

Hætta er á að fjöldi starfa í íslenskri ferðaþjónustu muni flytjast úr landi

Því miður mun skattahækkun á íslenskar ferðaskrifstofur koma þeim í erfiða samkeppnisstöðu gagnvart erlendum samkeppnisaðilum sem í dag greiða lægri skatt og lægri laun. Starfsemi ferðaskrifstofa hér á landi er mikilvægur liður í því að markaðssetja Ísland sem áfangastað og ná hingað til lands betur borgandi gestum. Veruleg hættu er á að starfsemi ferðaskrifstofa hér á landi muni dragast saman og að fjöldi starfa í sölu og markaðssetningu á íslenskri ferðaþjónustu muni flytjast úr landi.

Nordic Visitor skapar mikil verðmæti hér á landi og hefur jákvæð áhrif á sitt umhverfi. Við erum stolt af uppbyggingu okkar fyrirtækis og erum stolt af okkar hlut í því að byggja upp íslenska ferðaþjónustu. Með fyrirhugaðri hækkun á sköttum munu yfirvöld bregða fyrir okkur fæti og skerða verulega samkeppnishæfni okkar gagnvart erlendri samkeppni og getu okkar til að vaxa og dafna.

Það er því okkar einlæga von að fallið verði frá áformum um skattahækkanir á ferðaþjónustuna og fyrirtæki sem okkar verði leyft að vaxa og dafna, íslensku hagkerfi og samfélagi okkar til hagsbóta.

Virðingarfyllst,
F.h. Nordic Visitor



Ásberg Jónsson
Stofnandi og stjórnarformaður

